



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Umsóknir í þróunar- og nýsköpunarsjóðinn B hluta - Látum draumana rætast skólaárið 2020 - 2021***

Samtals bárust 24 umsóknir fyrir um 140 millj. en til úthlutunar eru kr. 50 millj. Sótt var um styrk vegna átta samstarfsverkefna grunnskóla, eitt samstarfsverkefni leikskóla, fjögur samstarfsverkefni frístundastarfs og ellefu þverfagleg samstarfsverkefni leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfs.

Úthlutunarnefndir hafa hist og leggja fram meðfylgjandi tillögu að styrkjum úr þróunar- og nýsköpunarsjóðnum *Látum draumana rætast*:

Eitt verkefni sem er samstarfsverkefni leikskóla fái kr. 7,0 millj.

Fjögur verkefni sem eru samstarfsverkefni grunnskóla fái kr. 22,5 millj.

Tvö verkefni sem eru samstarfsverkefni frístundastarfs fái kr. 8,0 millj.

Fjögur samstarfsverkefni leikskóla/grunnskóla/frístundastarfs fái styrki að upphæð kr. 12,5 millj.

**Samtals 10 verkefni að upphæð kr. 50 millj.**

#### Mælt er með að eftirfarandi verkefni hljóti styrki:

Verkefnið *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag* sem er yfirskrift samstarfsverkefnis fjögurra leikskóla sem dreifast um borgina og unnið er í samstarfi við Rannung fái styrk að upphæð kr. 7 millj. Verkefnið hlaut styrk að upphæð kr. 5 millj. skólaárið 2019 – 2020.

Mælt er með að verkefnið *Vertu velkomin/nn í hverfið okkar – Viltu tala íslensku við mig?* fái styrk að upphæð kr. 6,5 millj. Verkefnið er samstarfsverkefni allra grunnskólanna í Grafarvogi og Kjalarnesi og unnið er í samstarfi við HÍ og Íslenskuþorpið. Þetta verkefni hefur ekki fengið styrk áður.

Lagt er til að Fab lab verkefnið *Skapandi námssamfélag í Breiðholti* sem er samstarfsverkefni Fab Lab Reykjavík, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Fellaskóla, Hólabrekkuskóla, Seljaskóla, Háskóla Íslands, Fjölbrautarskólans í Breiðholti, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, RG Menntaráðgjafar og Vísindasmiðju HÍ fái styrk að upphæð kr. 6 millj. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 6,5 millj. skólaárið 2019 – 2020.

Lagt er til að verkefnið *Austur-Vestur*, sem eru sköpunar og tæknismiðjur í grunnskólastarfi, og er samstarfsverkefni Ingunnarskóla, Vesturbæjarskóla, Selásskóla og Háskóla Íslands fái styrk að upphæð kr. 5 millj. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 5,7 millj. skólaárið 2019 – 2020.

Mælt er með að verkefnið *Lærdómssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga* sem er samstarf Dalskóla, Fossvogsskóla og Vesturbæjarskóla og HÍ fái styrk að upphæð kr. 5 millj. Verkefnið hlaut ekki styrk skólaárið 2019 – 2020.

Lagt er til að verkefnið *Orð eru til alls fyrst* sem er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Grafarholti og Úlfarsárdal fái styrk að upphæð kr. 4,5 millj. Eitt megin markmið verkefnisins er að styrkja og auka samstarf skóla í Grafarholti og Úlfarsárdal með það að leiðarljósi að jafna hæfni og stöðu barna í íslensku. Verkefnið hefur ekki hlotið styrk úr þróunarsjóðnum áður.

Lagt er til að verkefnið *Frístundafræðingur á miðstigi* sem er leitt af frístundafræðingi í Gufunesbæ fái styrk að upphæð kr. 4 millj. Markmiðið er að efla félagsfærni, félagstengsl, sjálfsmynd og virka þátttöku barna í Borga- og Engjaskóla og meta félagsleg tengsl eftir að þau koma í Víkurskóla. Verkefnið hefur ekki verið styrkt áður.

Verkefnið *Betra Breiðholt fyrir unglunga* sem er samstarfsverkefni skóla- og frístundadeildar Breiðholts, frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs og grunnskólanna í Breiðholti fái styrk að upphæð kr. 4 millj. Markmiðið er að mæta flóknum og margþættum vanda unglunga í hverfinu á skjótan, skilvirkan og faglegan hátt með markvissri þjónustu stofnana í Breiðholti. Verkefnið hefur ekki verið styrkt áður.

Verkefnið *Öll sem eitt!* sem er samstarfsverkefni allra frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva, HÍ og Samtakanna 78 fái styrk að upphæð kr. 4 millj. Helsta markmið verkefnisins er að stuðla að bættri líðan hinsegin barna og unglunga með því að bregðast við þeim auknu þörfum á þjónustu við hinsegin börn og unglunga sem við stöndum frammi fyrir í skólum og félagsmiðstöðvum. Verkefnið hefur ekki hlotið styrk áður.

Verkefnið *VAXANDI* sem er unnið í samstarfi frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar og þeim frístundamiðstöðvum og félagsmiðstöðvum sem undir hana heyra, HÍ/MVHÍ og Núvitundarsetrið fái styrk að upphæð kr. 4 millj. Unnið verður að því að öll börn hafi sterka sjálfsmynd, trú á eigin getu og nái árangri. Verkefnið hefur ekki hlotið styrk áður.